

Eineltisteymi Þelamerkurskóla

Fundur 20. nóvember 2012 kl. 11:50

Mættar: Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri og Sigríður Guðmundsdóttir iðjubjálfi. Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri er í leyfi.

Dagskrá:

1. Farið yfir glæsur frá Olweus-fundi 21. nóv. 2012

- a. Upplýsingamappa: Búa til möppu með öllum gögnum áætlunarinnar. Mappan yrði aðgengileg öllum kennurum og þar væru leiðbeiningar og skráningarblöð ásamt glærum fræðslufundanna. Ákveðið að byrja vinnuna á möpunni á næsta fundi teymisins.
- b. Skólareglur: Skólareglur ÞMS eru gamlar og þarfnast endurskoðunar. Sú vinna er hafin inni í námshópum og einnig var unnið að nýjum skólareglum á þemavikunni. Ákveðið að gefa skólareglunum tíma á starfsdegi kennara í janúar 2013. Þá verði búin til drög að reglum uppúr tillögum nemenda. Drögin fari svo til umræðu inni á bekkjarfundum.
- c. Nemendaviðtöl: Stefnt að því að nemendaviðtöl verði fastur liður í starfi Þelamerkurskóla. Umsjónarkennarar taka einstaklingsviðtöl við hvern nemanda. Fyrsta viðtalið fer fram í febrúar og fyrir foreldraviðtöl sem byrja 25. febrúar. Viðmið viðtalanna verða úr bók Helle Höye Ikke mer mobning. Ingileif tekur að sér að fá þýðingar viðmiðanna hjá verkefnisstjóra Olweusverkefnisins á landsvísu.
- d. Foreldrafundir: Kynningar- og umræðufundir vegna áætlunarinnar hafa ekki verið vel sóttir af foreldrum. Spurning um að haustfundir næsta haust verði svokallaðir „kaffihúsafundir“ þar sem hvert stig heldur foreldrafund þar sem nemendur búa til dagskrá og sjá um veitingar og einnig verður námsefniskynning og umræður um Olweusáætlunina og skólabrag ÞMS. Þessir kaffihúsafundir koma þá í stað *Súpu og samtals*.
- e. Nemendaráynihópar: settir verða á stofn nemendaráynihópar eftir áramót sem liður í innra mati skólans. Hóparnir kanna hvernig kennarar vinna eftir Olweusáætluninni og hvort gögn hennar eru sýnileg.

2. Fyrirlögn spurningakönnunarinnar

Ákveðið að leggja spurningakönnunina fyrir miðvikudaginn 28. nóvember. Ingileif tekur að sér að kanna hvenær tölvustofan er laus og taka hana frá fyrir fyrirlögnina. Unnar og Ingileif sjá um fyrirlögnina eins og fyrri ár.

3. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 11. desember kl. 9:30 á skrifstofu skólastjóra. Þá verði farið yfir gögnin sem eiga að vera í upplýsingamöppunni og viðmiðin um nemendaviðtölin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30
Ingileif Ástvaldsdóttir ritaði fundargerð